



## Fundargerð

319. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
7. júlí 2023, kl. 08:15

Viðstaddir: Eysteinn Eyjólfsson varaformaður, Díana Hilmarsdóttir, Guðbergur Ingólfur Reynisson, Gunnar Felix Rúnarsson og Helga María Finnbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, Gunnar K. Ottósson skipulagsfulltrúi, Margrét Lilja Margeirs dóttir verkefnastjóri skipulagsmála, Maríanna Hvanndal Einarsdóttir forstöðumaður skráninga, Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri byggingarfulltrúa, Margrét Norðfjörð Karlsdóttir fulltrúi ungmennaráðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Róbært Jóhann Guðmundsson boðaði forföll og sat Díana Hilmarsdóttir fundinn í hans stað.

\* \* \*

### 1. Umferðaröryggi íbúa Reykjanesbæjar (2023070035)

Göngustígar, gangbrautir og umferðaröryggi ungra sem aldinna íbúa í Reykjanesbæ.

Magrét Norðfjörð Karlsdóttir fulltrúi ungmennaráðs kynnti tillögur ungmennaráðs og Guðbergs Reynissonar, D-lista, um betri gönguleiðir.

*Umhverfis- og skipulagsráð fagnar framkomnum tillögum. Starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs er falið að gera kostnaðarmat á þessum þáttum, forgangsraða þeim eftir þörfum og mögulega áfangaskipta þeim. Erindið verði tekið aftur fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsráðs í september og farið yfir það. Í framhaldinu verði gert ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.*

### 2. Óbyggðar lóðir í Reykjanesbæ (2023070037)

Guðbergur Reynisson, D-lista, lagði fram yfirlit yfir óbyggðar lóðir og lagði til að fundað verði með lóðarhöfum.

*Sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs er falið að taka saman minnisblað og leggja fyrir ráðið.*

### 3. Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 (2019060056)

Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035. Iðnaðarsvæðið 15 á Reykjanesi er stækkað og heimilt byggingarmagn aukið skv. uppdraetti og greinargerð VSÓ ráðgjafar dags. 23. janúar 2023. Markmið breytingarinnar er að aðlaga iðnaðarsvæði 15 betur að landþörfum landeldis í grennd við Reykjanesvirkjun og skilgreina byggingarheimild sem rúmar landeldið og aðra atvinnustarfsemi innan Auðlindagarðsins á iðnaðarsvæði 15.

Breytingin styður við markmið Auðlindagarðs um nýtingu afgangsstrauma frá Reykjanesvirkjun sem renna að hluta ónýttir til sjávar. Kynningartíma er lokið, athugasemdir

bárust. Tillögur að viðbrögðum við athugasemdum eru settar fram á minnisblaði VSÓ ráðgjafar dags. 30.06.2023.

*Tillögur að viðbrögðum við athugasemdum eru samþykktar enda samræmast þau stefnu svæðisskipulags Suðurnesja, aðalskipulags Reykjanesbæjar og umhverfismats vegna fyrirhugaðs fiskeldis sem sveitarfélagið gerði ekki athugasemd við.*

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir breytingu á aðalskipulagi, svæði I5. Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu.*

#### 4. Deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi (2021050334)

HS Orka hf. leggur fram nýtt deiliskipulag á Reykjanesi, unnið af VSÓ ráðgjöf ehf. Deiliskipulagið byggir á gildandi deiliskipulagi og gerir ráð fyrir sömu borteigum, vegum og mannvirkjagerð og eldra deiliskipulag. Í þágu atvinnuuppbyggingar og þróunar Auðlindagarðsins eru afmarkaðar nýjar lóðir við Lónsbraut til uppbyggingar atvinnustarfsemi sem getur nýtt afgangsstrauma frá Reykjanesvirkjun til fjölbreyttrar framleiðslu. Tillagan var auglýst samhliða endurskoðun aðalskipulags. Kynningartíma er lokið, athugasemdir bárust. Tillögur að viðbrögðum við athugasemdum eru settar fram í minnisblaði VSÓ ráðgjafar dags. 30.06.2023.

*Tillögur að viðbrögðum við athugasemdum eru samþykktar enda samræmast þau stefnu svæðisskipulags Suðurnesja, aðalskipulags Reykjanesbæjar og umhverfismats vegna fyrirhugaðs fiskeldis sem sveitarfélagið gerði ekki athugasemd við.*

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir deiliskipulag orkuvinnslu og iðnaðar á Reykjanesi. Samþykkt að senda til Skipulagsstofnunar til endanlegar afgreiðslu.*

#### 5. Ásbrú Rammaskipulag - drög (2019050477)

Unnið er að endurskoðun rammaskipulags fyrir Ásbrú þar sem unnið er áfram með þróunaráætlun K64 og umfangið stækkað þannig að Hádegishlað er innan rammaskipulagsins. Samgöngur, ofanvatnslausnir og græn svæði fá nánari umfjöllun og nýir hverfahlutar bætast við skv. drögum Alta frá júní 2023, „Ásbrú til framtíðar“.

*Lagt fram.*

#### 6. Grænásbraut 619 (2023060458)

Með erindi dags. 27. júní 2023 sækir OMR verkfræðistofa, fyrir hönd Vinnumálastofnunar, um breytingu á húsnæðinu sem gengur út á að aðlagu það að virkni umsækjendur um alþjóðlega vernd, bæði fullorðna og börn. Einnig verður Háaleitisskóli með aðstöðu í fjórum til fimm kennslustofum í húsnæðinu yfir daginn fyrir þróunarskóla/námskeið fyrir börn á grunnskólaaldri. Rými Háaleitisskóla verða aðskilin frá öðrum rýmum.

*Það er mat sveitarfélagsins að starfsemin fær betur á stofnanasvæði en á athafnasvæði. En engin starfsemi er á svæðinu og notkunin hefur ólíklega neikvæð áhrif á aðra mögulega starfsemi á þessum reit. Erindi samþykkt.*

#### 7. Bogatröð 10 - hljóðveggur (2023030655)

Algalíf Iceland ehf. óskar heimildar til að reisa hljóðeinangrandi vegg við inntaksmannvirki loftræsingar fyrir núverandi starfsemi skv. uppdrætti Glóru dags. 9.10.2022. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Vinnueftirlitið gera ekki athugasemdir.

*Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagslaga, málsgrein 3.*

## **8. Bílavog við Helguvíkurhöfn (2023010395)**

Reykjaneshöfn óskar heimildar til að afmarka lóð undir bílavog á Hafnarsvæðinu Helguvík.

*Umhverfis- og skipulagsráð telur að breytingin á deiliskipulagi varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda og samþykkir því breytinguna skv. 44. grein skipulagsлага, málsgrein 3.*

## **9. Breyting á lóðum við Helguvíkurhöfn (2020050255)**

Erindi Reykjaneshafnar dags. 4. júlí 2023. Áhugi er kominn fram um að hefja uppbyggingu nýrra hafnarmannvirkja í Helguvíkurhöfn. Í tengslum við þær hugmyndir getur þurft að breyta og aðlaga lóðarmörk við lóðir á Stakksbraut sem liggja að hafnarsvæðinu. Atvinnu- og hafnarráð fól hafnarstjóra að opna viðræður við skipulagsfirvöld varðandi þá möguleika sem geta verið í boði.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.*

## **10. Smáhýsi heimilislausra í Reykjanesbæ (2023070008)**

Erindi frá velferðarráði dags 19. júní 2023: Staðsetning smáhýsa. Á fundi velferðarráðs 16. maí s.l. er óskað eftir því að umhverfis- og skipulagsráð fjalli um uppbyggingu næstu smáhýsa, þ.e. hvar best væri að staðsetja þau í sveitarféluginu. Meðfylgjandi er þarfagreining.

*Starfsfólk umhverfis- og framkvæmdasviðs og velferðarsviðs er falið að vinna málið áfram og leggja fram tillögur fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2024.*

## **11. Stapabraut 7 - stækkun lóðar (2023070043)**

Með erindi dags. 28. júní 2023 óskar Björn Kjartansson f.h. Kaffitárs eftir vilyrði um lóðarstækkun Stapabrautar 7 sem væri í gildi í allt að tvö ár vegna mögulegrar stækkunar húsnaðisins.

*Umhverfis- og skipulagsráð tekur vel í erindið en nánari upplýsingar vantar um fyrirhugaða starfsemi og mengunarvarnir. Erindi frestað.*

## **12. Háseyla 22 - grenndarkynning (2022110564)**

Árný D. Sverrisdóttir óskar heimild til að reisa 36 m<sup>2</sup> viðbyggingu með aukaíbúð í stað bílskúrs sem afgreitt var á 305. fundi umhverfis- og skipulagsráðs sbr. uppdrætti VSS dags. 5. maí 2023.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagsлага, málsgrein 2.*

## **13. Þórustígur 8 - bílastæði (2023070045)**

Aron I. Eiðsson Mörköre óskar heimildar til að bæta við innkeyrslu og bílastæði á lóð með erindi dags. 28. júní 2023.

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. grein skipulagsлага, málsgrein 2. Breytingin verði sveitarfélagini að kostnaðarlausu.*

## **14. Hraunsvegur 8 - gistiheimili ný gögn (2023030004)**

Sýslumaður óskaði umsagnar um umsókn Malgorzata Mordon Szacon til reksturs gistiheimaðar í flokki II að Hraunsvegi 8. Gestafjöldi 10 manns. Umsóknin var grenndarkynnt skv. 2.mgr. 44. gr. skipulagsлага nr. 123. Umsóknin uppfyllti ekki skilyrði sett fram í reglum um gistiheimili á íbúðasvæðum í Reykjanesbæ, á lóð er aðeins eitt bílastæði en reglurnar

tilgreina 4 stæði miðað við gestafjölda. Umsækjandi leggur fram samkomulag um notkun bílastæða aðliggjandi lóðar og óskar eftir umsögn vegna gistiheimilis fyrir 8 gesti. Á Hraunsvegi 8 og 10 eru samtals 4 stæði.

*Erintið samræmist reglum um gistiheimili á íbúðasvæðum í Reykjanesbæ.*

*Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir erindið.*

#### **15. Aðalskipulag Voga - tillaga að breytingu (2023030442)**

Sveitarfélagið Vogar óskar umsagnar um breytingu á aðalskipulagi kirkjureits. Breytingin felst í því að 1,1 ha svæði fyrir þjónustustofnanir P-3 Kirkjureitur sem afmarkast af götunum Kirkjugerði, Tjarnargerði, Aragerði og af lóðarmörkum lóða við Hafnargötu fellur út úr aðalskipulagi, en m.a. var mögulegt að byggja á svæðinu kirkju og/eða safnaðarheimili. Þess í stað verður 0,7 ha svæði meðfram Aragerði, Tjarnargötu og Kirkjugerði skilgreint sem íbúðarsvæði ÍB-9 þar sem gert er ráð fyrir lágreistri byggð á 1-2 hæðum. Á miðju svæðinu er hraunkollurinn Kirkjuholt sem teygir sig til suðurs í framhaldi af baklóðum við Hafnargötu. Kirkjuholtið er um 0,4 ha og verður sá hluti svæðisins skilgreindur sem opið svæði OS-2-7 sem er hluti af svæðum með yfirnúmerið OS-2 og nær yfir önnur opin svæði innan þéttbýlisins sem kjörin eru til útvistar.

*Reykjanesbær gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Voga.*

#### **16. Aðalskipulagsbreyting - Íþ1 og ÍB7 Grindavík (2021060053)**

Sveitarfélagið Grindavík óskar umsagnar vegna breytingar á aðalskipulagi 2018-2032. Íbúðarbyggð ÍB7 er stækkuð til suðurs meðfram íþróttasvæði Íþ1 að miðsvæði M1, núverandi svæði sem fellur undir breytingu aðalskipulags er skilgreint sem opið svæði (OP) og íþróttasvæði (Íþ1). Núverandi íbúðabyggð (ÍB7) er 11,7 ha og gerir ráð fyrir blöndun fjölbýlis og sérbýlis. Svæði stækkunar ÍB7 er áætlað fyrir fjölbýlishús, í samræmi við byggðamynstur í nágrenni.

*Reykjanesbær gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins Grindavík.*

#### **17. Svæði fyrir hundagerði (2023030324)**

Ævar Eyjólfsson leggur fram erindi f.h. Hvutta - Hagsmunafélags hunda á Suðurnesjum dags. 29. júní 2023. Óskað er eftir samstarfi við Reykjanesbæ varðandi landsvæði, uppbyggingu og hönnun fyrir hundagerði í Keflavík sunnan Hólbergssbrautar.

*Umhverfis- og skipulagsráð þakkar fyrir erindið. Umrætt svæði hentar ekki fyrir hundagerði.*

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:53.